

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2002

**Umsögn Félags háskólakennara og Félags prófessora um eftirtalin frumvörp til laga:**

1. Um opinberan stuðning við vísindarannsóknir,
2. Um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins,
3. Um Vísinda- og tækniráð.

Félag háskólakennara (FH) og Félag prófessora (FP) fagna öllum hugmyndum sem hafa það að markmiði að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu. Til þess að slíkar hugmyndir náí að dafna er nauðsynlegt að skapa rannsóknnaumhverfi þar sem frumkvæði og sjálfstæði rannsóknarfólks, bæði einstaklinga og hópa, fær notið sín. Forsenda þess er í fyrsta lagi að vísindamenn, rannóknastofnanir, atvinnulíf og háskólar geti keppt á jafnréttisgrundvelli um þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru og í öðru lagi að fjármagni sé úthlutað á grundvelli frammistöðu og gæða verkefna eins og þau eru metin af þeim sem best þekkja til í vísindasamfélaginu.

FH og FP telja æskilegt að stjórnvöld og vísindasamfélagið eflí samvinnu sín á milli við móttun rannsóknastefnu. Frumvörpin bjóða hins vegar þeirri hættu heim að stjórnvöld hverju sinni forgangsraði rannsóknaverkefnum fyrir vísindasamfélagið, slíkt telja félögin mjög óæskilegt. Á undanförunum árum hefur gætt þeirrar tilhneigingar að stofna sérsjóði sem úthluta fjármagni til afmarkaðra eða tiltekinnna viðfangsefna á sama tíma og dregið er úr fjárveitingum til almennra rannsóknasjóða á borð við Vísindasjóð. Félögin telja að rannsóknafé nýtist mun betur ef einn öflugur sjóður er starfræktur í stað fjölda lítilla. Sá mælikvarði sem á að ráða við val á rannsóknarverkefnum og úthlutun fjármuna er strangt jafningjamat og frammistaða á alþjóðlegum vettvangi. Því er nauðsynlegt að tryggja sem best að pólitískt áhrifavald verði sem minnst, þannig að samkeppni og árangursmat innan vísindasamfélagsins fái að njóta sín sem best.

FH og FP telja til bóta að vísinda- og tæknisjóður séu sameinaðir í einn rannsóknasjóð. Félögin telja einnig þær breytingar til bóta sem gerðar hafa verið á orðalagi 2. gr. frumvarps um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, þess efnis að lögð er áhersla á faglegt mat við styrkveitingar úr rannsóknasjóði og áréttað að matið skuli byggjast á reynslu þeirra sem að rannsókninni standa.

Í greinargerð með 9. gr. í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir þarf að gæta betur að mikilvægi stuðnings við fræðirit fyrir almenning og að hlutverki félags höfunda fræðirita og kennslugagna í starfi Launasjóðs fræðiritahöfunda. Mjög hallar á opinberan stuðning við höfunda fræðirita fyrir almenning sé tekið mið af stuðningi við höfunda skáldverka. Þannig er úthlutað nærri 480 mánaðarlaunum úr Launasjóði rithöfunda en einungis 36 mánaðarlaunum úr

Launasjóði fræðirithöfunda enda þótt fjöldi útgefna rita sé svipaður í þessum tveim flokkum.

Eitt meginmarkmið frumvarpanna þriggja er að brúa bilið milli grunnvísinda annars vegar og hagnýtra rannsókna og þróunar hins vegar. FH og FP telja þetta mjög æskilega viðleitni en telja hins vegar að frumvörpin stefni í gagnstæða átt að mörgu leyti. Þannig má t.d. nefna að gert er ráð fyrir því í frumvarpi um Vísinda- og tækniráð að tvær sjálfstæðar nefndir fjalli um þessa málaflokka sbr. 4. gr. Félögin telja æskilegt að sameina þessar tvær nefndir í eina ef ná á fram markmiðum frumvarpanna.


FH og FP styðja eindregið að komið verði á fót öflugri rannsóknamiðstöð sem veiti faglega aðstoð og þjónustu á sviði vísindamála. Slík miðstöð er mikilvæg forsenda eflingar vísindastarfs í landinu.

FH og FP leggja áherslu á að Háskóli Íslands eigi fulltrúa í tækninefnd enda er miðstöð rannsókna í tækni- og raunvísindum í Háskóla Íslands


FH og FP leggjast gegn því að einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta sé ráðstafað til Tækjasjóðs, enda greiðir Happdrætti Háskóla Íslands, eitt peningahappdrætta, umrætt einkaleyfisgjald.

FH og FP óttast að stjórn Vísinda- og tækniráðs sé of fjölmenn til að gegna hlutverki sínu og telja æskilegt að leita leiða til að fækka í ráðinu. Félögin telja einnig auðsatt að hlutur vísindastofnana og þá sérstaklega Háskóla Íslands sé fyrir borð borinn í skipan ráðsins. Minnt er á að yfirgnæfandi meirihluti grunnrannsókna í landinu er stundaður innan vébanda Háskóla Íslands. Félögin telja eðlilegt að forsætisráðherra, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra eigi sæti í ráðinu og benda á að eins og frumvörpin leggja nú til eiga þau fagsvið sem falla undir dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra þar engan fulltrúa en á þessum fagsviðum öllum eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir. Þá þykir félögunum eðlilegt að Bandalag háskólamanna eigi fulltrúa í ráðinu engu síður en Alþýðusamband Íslands.

Virðingarfyllst,




Guðmundur Jónsson, dósent



Júlíus Sólmes, prófessor



Ólafur S. Andrússon, vísindamaður



Þórólfur Þórlínsson, prófessor